

LYGINNI LÍKAST

ARNDÍS ÞÓRARINSDÓTTIR



LYGINNI LÍKAST

EFTIR

ARNDÍSI ÞÓRARINSDÓTTUR



LYGINNI LÍKAST

ISBN 978-9979-0-1928-2

© 2013 Arndís Þórarinsdóttir

© 2013 Teikningar: Freydís Kristjánsdóttir

Ritstjóri: Sigríður Wöhler

Yfirllestur: Helgi Grímsson, Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2013

Menntamálastofnun, Kópavogi

Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentvinnsla: Prenttækni ehf.

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

EFNISYFIRLIT

HELSTU PERSÓNUR	4
DENNI	12
KATLA	18
LEYNDARMÁL	26
ÚT Í ÓVISSUNA	38
SPRUNGAN	44
Á NÆSTA LEITI	58
HEIM Á NÝ	67

HELSTU PERSÓNUR



Katla

Fékk einu sinni krabbamein en læknaðist. Er aldrei hún sjálf nema þegar hún þykist vera einhver annar.

Porri

Formaður útivistarklúbbsins en hatar óvart útivist. Vinsæll, klár og með ofnæmi fyrir UHU-lími.



Guðný Þóra

Var einu sinni besta vinkona Kötlu en er núna í vinahópi Þorra. Ótrúlega góð í ballet.

Georg

Besti vinur Þorra, stærri en hann er gáfaður.





Unnar íþróttakennari

Elskar íþróttir. Var atvinnumaður í golfi áður en sjónin versnaði. Finnst að kennsla ætti að vera skemmtileg og gerir sitt besta.

Mamma Svönu Sólar

Hjúkrunarfræðingur og fjallagarpur. Svana Sól, hins vegar, kemur ekki mikið við sögu.



Dóra dönskukennari

Besta kona, hálfkönsk að uppruna. Hefur mikilvægu aukahlutverki að gegna.

Hæ Denni!

Ókei, þú trúir þessu aldrei. Ég hef sagt það áður: Ég er óheppnasti maður í heimi. Strákur. Maður. Eitthvað.

Þú manst að pabbi var að byrja að deita nýja konu? Já, sko, ég hitti hana um helgina.

Hún er ekkert kona. Hún er stelpa.

Og hún er sæta stelpa sem kenndi okkur í æfingakennslu í vetur og allir strákarnir í bekknum eru búnir að tala um síðan.

Og þarna var ég, í mjög heiðarlegri fýlu, ákveðinn í því að hata kerlingarbeygluna sem pabbi vildi „kynna mig fyrir“. En þegar hún labbar inn breytist ég bara í slefandi hálfvita. Ég sver það, ég var rangeygur og innskeifur bara við að horfa á hana.

Ókei. Svo ég er að reyna að halda kúlinu.

En það gengur bara frekar illa, því pabbi er alltaf að kássast eitthvað í henni. Hendur á mittinu (hún var með bert á milli bolsins og buxnanna, mjög brún), fikt í hárinu á henni, koss á kinnina og ég veit ekki hvað og hvað. Ég meina, þau leiddust á milli herbergja.

Ég ætlaði auðvitað að vera fúll, en höndlaði svo ekkert að vera í fýlu þegar hún byrjaði að kjafta við mig. Augljóslega vil ég ekkert að hún líti á mig sem geðvont lítið stjúp barn sem þurfi að kæta með ferð í Húsdýragarðinn.

Ég vil að hún hugsi um mig sem jafningja, alvöru karlmann og allt það. Mann með bringuhár, sterkar skoðanir og heilbrigða lífssýn. Ég held ég hafi óvart verið að lýsa íþróttáálfinum þarna.

Svo við erum þarna að spila eitthvað borðspil og einhvern veginn er ég farinn að þykjast



vera einhver brjáláður útivistargaur. Og nei, ekki spyrja mig af hverju, ég hata allt sem er blautt og kalt. Næstum allt í íslenskri náttúru uppfyllir að minnsta kosti annað þessara skilyrða. Þabbi horfir á mig eins og ég sé geggjaður meðan ég er þarna að tala um gönguskó og klifurlínur af innlifun og get ekki þagnað.

Nema hvað, kemur í ljós að gellan er í svona rosa góðu sambandi við Unnar íþróttakennara eftir æfingakennsluna. Segir mér, rosa glöð, að ég sé greinilega sá sem Unnar sé að leita að. Það bráðvanti nefnilega formann útivistarklúbbs í skólanum, sem verði fulltrúi nemenda í undirbúningi fyrir gönguferð tíundu bekkjar á hálendið í vor.

!!!

Kæri Denni, það hefur verið mjög gaman að skrifast á við þig síðustu ár. Ég bið þig að minnast mín með hlýhug þegar ég verð orðinn að íspinna ofan í einhverri mýri uppi á hálendi.

Ég bið þig líka að verja mig þegar fjölmiðlar fara að úthúða formanni útivistarklúbbsins sem leiddi alla skólafélaga sína beina leið fram af björgum í sömu ferð.

Langsoltna skólafélaga, líklegast, því ég efast ekki um að ég á eftir að týna nestinu okkar áður en við steypumst fram af björgunum og beint ofan í freðmýrina.

Á meðan ég flýg á vit örlaga minna get ég huggað mig við að stelpa sem rændi pabba frá mömmu hafi í heilan hálf tíma ekki haldið að ég væri lúser ...

Með skelfingarkveðju,

Morrinn – á leiðinni að kaupa gönguskó

Hæ Morri.

Ég held að það séu engar mýrar á hálendinu. Og eru freðmýrar ekki bara í Síberíu? Þú lifir örugglega af.

En, hérna, þú ættir samt kannski að athuga með erfðaskrána þína áður en þú ferð. Bara til öryggis. (Ath, ég yrði þakklátur fyrir að fá tölvuna þína og nýju gönguskóna sem þeir draga af frosnu líki þínu. Hef samt fulla trú á þér, félagi!)

Denni.

DENNI

Katla veit alveg að hún er frekar leiðinleg. Og ljót. Augabrúnirnar eru of loðnar og hún þorir ekki að plokka þær því hún er ekki viss hvernig þær eiga að vera. Og er of hrædd um að gera mistök til að koma nálægt þeim.

Hún veit að það yrði hlegið enn meira ef hún gerði eitthvað heimskulegt við þær. Þá er betra að láta þær bara vaxa.

Hún veit líka að hún á leyndarmál. Hún á einn vin í öllum heiminum en hann veit ekki að hann er vinur hennar.

Í leynivínnaviku í sjöunda bekk bjuggu allir til netföng og voru látnir skrifast nafnlaust á við einhvern í árganginum. Átakið tók bara mánuð en vinur hennar Kötlu hélt áfram að skrifa henni. Þau eru búin að vera pennavinir í mörg ár. Frá því áður en hún veiktist og þangað til eftir að henni batnaði.

Í áttunda bekk áttaði hún sig á því hver hann var. Trúði því samt ekki í margar vikur, þó það væri augljóst þegar hún skoðaði vísbendingarnar í bréfunum. Þorri. Vinsælasti strákurinn í skólanum. Einn af þeim sem hlær þegar Katla gerir eitthvað heimskulegt.

Það sem hún veit ekki er af hverju vinsælasti strákurinn í skólanum skrifar allt öðruvísi um sig en nokkur annar myndi gera. Þorri var einu sinni óvænt kosinn í skreytinganefnd og allar stelpurnar í skólanum ætluðu að pissa í sig af því hann væri svo listrænn. Þá skrifaði hann henni bréf um að líma saman á sér alla puttana með UHU-lími og að eyðileggja dýrustu buxurnar sínar með bleikri málningu. Þegar hann var á forsíðu skólablaðsins kvartaði hann yfir því við hana að vera með augnþurrk. Stelpurnar í ritstjórninni blésu nefnilega framan í hann með háþurrku í tvo tíma til

að taka hæfilega vindblásnar myndir af honum.

En hann lét á engu bera í skólanum. Og öllum fannst myndin æðisleg.

Þorri lítur aldrei út eins og hann sé að deyja inni í sér af því hann skammist sín fyrir eitthvað. Það verður aldrei neitt vandræðalegt sem hann gerir, því hann brosir alltaf og hlær og allir hlæja með.

En svo skrifar hann Kötlu löng bréf um það hvernig hann hafi langað til að sökkva niður til miðju jarðar og þá skilur hún að eitthvað sem virtist ótrúlega sniðugt var frekar hallærislegt, þegar maður hugsar um það. Og þá hlær hún með honum.

Hún veit heldur ekki af hverju hann nennir að skrifast á við hana.

Hann heldur að vísu að hún sé strákur, sem getur verið vandræðalegt þegar hann vill skrifa um stelpur. En Katla þóttist vera strákur í leynivínaveikunni svo hún situr

uppi með það. Getur ekki hætt núna, eftir allan þennan tíma.

Eftir áttunda bekk sagðist „Denni“ hafa flutt á Kópasker.

Katla átti samt ekki von á því að Þorri myndi trúa því svona auðveldlega. Hélt að hann myndi halda áfram að leita að pennavini sínum í skólanum. En hann gerði það ekki.

Sem fær hana til þess að halda það að kannski sé allt sem hann skrifar í sín bréf algjörlega satt. Fyrst honum dettur ekki í hug að hún ljúgi.

Og þá hlýnar henni allri innra með sér – því þennan part af honum á hún ein. Stelpurnar sem horfa á hann og hlæja með honum halda að þær þekki hann en það er Katla með loðnu augabráunirnar sem er sú eina sem veit hver hann er.



Þegar hún fer á fætur sér hún að Þorri hefur sent henni skilaboð kl. 5:27 um morguninn.

Eyddi nóttinni á Wikipediu að lesa um fjallanöfn á leiðinni. Skelfingu lostinn. En á eftir að hljóma mjög klár á morgun.

Hann er samt ekki syfjulegur þar sem hann situr aftast í rútnni með vinum sínum. Þau hlæja hátt og eru byrjuð að syngja áður en rútan er komin út af bílplaninu.

Stundum er Katla með samviskubit yfir því að þykjast vera Denni. En Denni er samt góður vinur. Þeir geta talað um allt, Denni og Þorri. Þorri hefur til dæmis ekki sagt neinum nema Denna að hann sé flogaveikur. Og Katla kann sko að svara því. Og ráðleggur honum að segja engum, aldrei frá því.

Hún fiskar upp símann sinn og sendir Þorra skilaboð frá Denna.

Villtur? Nestið glatað?

Hann svarar strax, þrátt fyrir kvöldvökustemmningu aftast í rútunni.

Villtir úlfar átu 3 og 1 stelpan komin með skyrbjúg af vannæringu. Samt ennþá bara í Mosfellsbæ.

Katla flissar. Það besta við að þykjast vera Denni er að þá getur hún verið hress.

Áður var hún nefnilega frekar hress stelpa. Þær Guðný hlógu að minnsta kosti alltaf mikið. Gerðu allskonar sniðugt.

Núna er Katla næstum alltaf eitthvað svekkt. Hún vorkennir sér eiginlega meira núna en hún gerði þegar hún var veik.

Ekki skrítið að enginn nenni að þekkja hana.



KATLA

Þau eru þrettán krakkar í hópnum, tveir kennarar og mamma hennar Svönu Sólar, sem er hjúkka og brjáluð fjallageit.

Útivistarklúbburinn er samt auðvitað enginn klúbbur. Ekki þannig. Þetta var bara val í leikfimi, annaðhvort að fara í þennan göngutúr eða að fara þrisvar í viku í líkamsræktarstöð í heilan mánuð.

Katla reyndi að fá mömmu sína til að tala við lækinn áður en þau fóru, í von um að lækinn myndi stoppa þetta.



En mamma sagði að þetta yrði gott fyrir hana og pabbi var alveg sammála.

„En hvað ef eitthvað kemur fyrir? Og ég er uppi á fjalli?“

„Það kemur ekkert fyrir.“

Hún veit ekki hvort þau eru hugrökk eða kjánar.

Auðvitað kemur eitthvað fyrir.

Kom ekki það versta af öllu fyrir?

Við hliðina á Þorra situr Georg, besti vinur hans, og hinum megin er Guðný Þóra. Katla reynir að láta eins og hún sjái hana ekki. Guðný Þóra var einu sinni



besta vinkona hennar. Þær fóru saman á ballettæfingar sex sinnum í viku en svo varð Katla veik. Og þá mátti hún ekkert mæta í ballett. Loksins, loksins þegar hún fór að hressast hafði hún dregist ótrúlega langt aftur úr. Og mátti að auki bara fara tvisvar í viku, „til að byrja með.“

Mamma og pabbi létu eins og hún væri rosalega erfið og ósanngjörn að vilja ekki fara aftur í ballettinn. Eins og það væri henni að kenna.

Þau skilja ekki neitt.

Átti hún bara að skella sér í 6 ára hópinn? Leika lítið fiðrildi á sýningum, á meðan Guðný Þóra og þau hin dönsuðu Svanavatnið?

Fyrst þegar Katla varð veik var Guðný Þóra rosalega indæl. Sendi henni tölvupósta og kom í heimsóknir.

En svo breyttist eitthvað. Kötlu batnaði ekki. En hún dó ekki heldur.

Lífshætta er spennandi. En það er ekkert spennandi við að einhver sé gubbandi í marga mánuði. Og það getur verið erfitt að eiga vinkonu sem er bæði sköllótt og bólgin af sterum og öðru ógeði.

Katla skilur það næstum því.



Maður getur ekkert gert með vinum sínum, þegar maður er á spítala. Ekki talað um nýja kennarann í skólanum, því maður hefur ekkert verið í skólanum. Ekki mætt á balletæfingar, ekki neitt.

Bara spilað tölvuleiki og horft á sjónvarp. Maður er bara áhorfandi að lífinu.

Fyrst hætti Guðný Þóra að koma í heimsóknir. Og svo, þegar Kötlu batnaði og hún var komin aftur í skólann, gat Guðný Þóra ekki lengur horft í augun á henni. Fljótlega eftir það hætti hún alveg að sjá hana.



Svo keyrir rútan bara burt. Þau standa þarna í hnapp með bakpokana sína og það er eins og þau séu ein í heiminum.

Núna er ekki lengur hægt að hætta við.

Katla grípur fast um símann sinn. Hún er ekki alveg ein í heiminum.

Gangan er erfið, erfiðari en hún hélt.

Alltaf þegar hún nær hópnum er pásan búin, Þorri og Unnar standa kátir og reifir upp og leggja af stað. Voða glaðir að hópurinn hafi sameinast á ný.

Og þeir sem eru í lélegasta forminu fá alltaf minnstu hvíldina.

Hún horfir mest niður á skóna sína en hún kemst samt ekki hjá því að sjá útsýnið.

Hún hefur aldrei séð svona mikla náttúru í einu. Yfirleitt bara af sólpalli á sumarbústað eða svoleiðis. En hérna æðir hún bara í allar áttir.

Eiginlega enginn gróður, samt.

En samt.

Þau borða hádegismat við sjúskuð tréborð sem standa í miðri auðninni.

Þorri pikkar eitthvað á símann sinn á meðan þau borða og hávært dyrabjölluhljóð heyrir frá símanum hennar Kötlu um leið og hann sendir. Katla stökkroðnar.

Svana Sól skellir upp úr.

„Bíddu, varstu að senda Kötlu sms eða hvað?“

Allir fara auðvitað að hlæja.

Því það er jafnlíklegt að Þorri væri að senda henni sms eins og að hann væri að senda belju á beit sms.

Katla segir ekkert en fálmar upp í augabrúnirnar eins og venjulega þegar hún er stressuð.

„Já, ætli þetta sé ekki síðasta tístið í bili, nú fer sambandið að hverfa,“ segir Unnar hressilega. Eins og nú sé ferðin loksins að verða almennileg.

„Hverfa? Hvað meinarðu?“ Guðný Þóra hrekkur upp. „Ég meina, það er allstaðar gsm-samband?“

„Nei, nei, ekki inni á hálendinu.“

„Ó,“ segir hún stúrin. „Ég hélt að það væri bara þráðlaust net sem væri þannig.“

Katla laumast í símann sinn og les skilaboðin frá Þorra.

Allir á lífi! Gleymdi göngusokkunum. Er með 83 blöðrur á fótunum sem ég get ekki sagt frá án þess að gera mig að fíflum. Ái.

Ái.

Katla er með tvo fulla pakka af plástrum í bakpokanum sínum.

Gæti hún einhvern veginn látið hann fá þá? Stungið þeim ofan í bakpokann hans?

Nei, varla án þess að hann grunaði að „Denni“ væri í hópnum.

En ef hún skildi þá eftir á klóinu þegar þau koma í skálann? Þá gæti hann fengið sér án þess að nokkur vissi. En hún veit að hann myndi aldrei „stela“ plástrum. Hann er ekki þannig.

Hún þrammar áfram. Bara tuttugu og sjö tímar þangað til hún kemst heim.

LEYNDARMÁL

Skálinn er frekar óspennandi. Dýnur með tortryggilegri lykt eru á stóru svefnlofti og allir drífa sig að grípa einhverja sem er ekki mjög blettótt. Raða þeim upp svo allir bestu vinirnir sofi hlið við hlið.

Þau grilla pylsur um kvöldið og Guðný Þóra er meira að segja með poka af sykurpúðum, eins og þau séu í amerískri bíómynd.

„Æ, ég vona að það verði rafmagnslaust, það er svo kósí!“ skríkir Guðný Þóra.

„Guðný. Það er ekkert rafmagn hérna,“ segir Þorri. „Þess vegna erum við að grilla, manstu?“

Um kvöldið versnar veðrið og bárujárnsplötturnar hljóma eins og þær ætli að rifna af húsinu.

Öllum finnst þetta „súperkósí!“ en Katla er með heimþrá.

Katla sefur illa um nóttina.

Þegar hún vaknar er komið brjálað veður.

Þorri haltrar sýnilega þegar hann kemur niður. Hún vildi óska að hann hefði fengið plástrana hennar í gær, þá hefðu þeir virkað í alla nótt.

Þetta er fáránlegt.

Hún ákveður að lauma nokkrum plástrum efst í bakpokann hans.

Kannski heldur hann bara að mamma hans hafi sett þá þar?

Hún er að stinga plástrunum á sinn stað þegar hún heyrir spurt fyrir aftan sig:

„Hvað ertu eiginlega að gera við dótið hans Þorra?“

„Ekkert.“

„Þorri! Katla er að fikta eitthvað við bakpokann þinn.“ Georg hrópar yfir allan salinn þangað til Þorri og næstum allir hinir koma yfir til þeirra.

„Hvað ertu að gera,“ spyr Porri, dálítið hissa.

„Ekkert,“ segir hún aftur. „Ég hélt að þetta væri pokinn minn.“

„Er þinn ekki fjólublár?“



Katla horfir niður á skærgræna pokann hans Þorra.

„Minn er nýr. Ég var ... Ég var búinn að gleyma hvernig hann er á litinn. Fyrirgefðu.“



„Hvað er eiginlega að þér?“ spyr einhver fyrir aftan hana. Guðný Þóra horfir ótrúlega hneyksluð yfir öxlina á Georg en segir ekki neitt.

„Bara þetta sama og venjulega!“ segir Georg og hlær eins og fífl.

Þorri tekur pokann sinn upp af gólfinu og þegar hann hreyfir við honum, þá detta plástrarnir niður á gólf.

„Hvað er þetta?“

„Ekkert,“ segir Katla. „Ég ruglaðist. Á pokum. En, hérna, þú mátt eiga þá. Ef þú vilt.“ Og hún gjóar augunum óvart á lappirnar á honum.

„Nei, takk,“ segir hann, ekki lengur hissa heldur bara pirraður. Kippir til sín pokanum og hendir í hana plástrunum. Einhver fer að hlæja.

Hún grípur volga kókómjólkurfernu og samloku úr pokanum sínum og drífur sig út í horn skálans. Hvílíkt klúður.

Og Þorri ennþá með áttatíu og þrjár blöðrur.

Fullorðna fólkið hvíslast á um veðrið, þetta er ekki í samræmi við spána. Það átti kannski að vera smá rok. Og mögulega aðeins rigning. En ekki svona. Ekki þannig

að það braki og bresti í húsinu. Ekki þannig að maður sjái varla út.

Gangan á eftir að verða ömurleg og Kötlu er eiginlega orðið kalt fyrirfram.

„Æði, þurfum við að gista aftur hérna!“ skríkir Addú, nýja besta vinkona Guðnýjar Þóru.

„Súperkósí!“ segir Guðný.

„Vá, voruð þið svona sniðugar að taka með ykkur aukanesti ef við yrðum lengur á leiðinni,“ spyr Svana Sól, sem virðist vera hrædd við veðrið og er þess vegna óvenjulega pirruð. „Sniðugt!“

Þær snarþagna.

Guðný Þóra lítur á samlokuna sem hún heldur á og leggur hana hægt frá sér án þess að fá sér bita.

Aukanótt í húsinu virðist ekki góð hugmynd.

En það er ekki bara veðrið.

Dóra dönskukennari er lasin. Hún er með einhverja magapínu og mamma hennar Svönu Sólar er búin að stumra yfir henni hálfu nóttina.

Þetta ferðalag er algjörlega ömurlegt.

Morgunverðurinn er langt kominn þegar einhver kallar: „Hey, hver á þetta?“

Það er lyfjaglas. Georg rífur það af Guðnýju Þóru.

– „Tekið við flogaveiki? Halló, er einhver hérna að drepast úr flogaveiki?“ Georg fleygir sér á gólfið og hendist um eins og gullfiskur á parketi.

Katla frýs og lítur hratt á Þorra. Hann er grár í framan.

Þetta er leyndarmálið sem hann hefur átt í mörg ár. Í höndunum á besta vini hans.

Að minnsta kosti er Georg besti vinur hans í alvörunni.

En Denni er það líka.

„Ég á það,“ segir Katla hratt.

Og Þorri lítur á hana og hún horfir stíft á hann á móti. Svo hann viti að hann eigi ekki að grípa fram í. Að hún sé að hjálpa honum.

„Æ, æ, skemmdu geislarnir í þér heilann,“
syr Georg af gólfinu og spriklar aftur.

„En við vissum það nú alveg,“ bætir hann
við og allir hlæja.

Katla grípur lyfjaglassið og stingur því í
vasann. Eldrauð í framan.

Hún veit ekkert hvernig hún á að útskýra
þetta fyrir Þorra.

Hún fær heldur engan tíma til að hugleiða
það, því hann labbar beint að henni,
grípur í handlegginn á henni og dregur
hana upp á loftið.

„Komdu, ég þarf aðeins að tala við þig.“

Hún segir ekkert. Þegar þau eru komin
upp snýr hann sér að henni.

„Hvað ... Hvernig veistu?“

Heilinn í henni fer á flug.

Henni dettur í hug að segjast hafa stolið símanum hans. Lesið allt sem hún fann þar.

Að segja honum að hún sé þannig manneskja. Sem hnýsist í annarra manna póst. Að láta hann segja öllum hinum að þau þurfi að passa dótið sitt. Fyrir henni.

Að koma heim úr ferðinni ennþá meiri aumingi en hún var þegar hún lagði af stað.

En orðin vilja ekki koma.

„Ég vildi bara hjálpa þér,“ hvíslar hún.

„Ég hef engum sagt af þessu. Og þú vissir líka um blöðrunar! Á fótunum á mér.

Og sms-ið sem þú fékkst í gær. Um leið og ég sendi ...“

Og hún sér það í augunum á honum að hann veit. Hann veit að það er bara ein skýring.

En hann vill ekki láta það ganga upp.

Hann vill ekki trúa því að einmitt hún sé vinur hans.

„Það var óvart, eiginlega,“ hvíslar hún.

Hann þegir.

„Það var bara eitthvað flipp. Að þykjast vera strákur. Og svo var aldrei réttur tími til að ...“

„Andskotinn!“

Hann snýr sér frá henni og sparkar af alefli í dýnustaflann undir glugganum.



„Segðu það,“ segir hann svo. Og snýr sér að henni. Hann er reiður og hann er sár. Hann er svikinn og hann skammast sín. Hann er greinilega að hugsa um allt sem hann skrifaði vini sínum hinum megin á landinu í trúnaði. Sem endaði óvart hjá bekkjarfíflinu með loðnu augabrunirnar. Hún þegir.

„Segðu það! Segðu það upphátt,“ hann hækkar róminn og gengur upp að henni. Hún vill ekki segja neitt. Hún vill það alls ekki.

En það er eitthvað í augunum á honum, eitthvað biðjandi.

Og hún hefur aldrei logið að honum.

Ekki þannig.

„Ég ... Ég er Denni.“

Hún hefur aldrei logið um neitt sem skiptir máli.

Hann snýr sér frá henni.

„Þú skalt aldrei, ALDREI, tala við mig aftur,“
segir hann lágt án þess að líta á hana.

Hún er næstum búin að biðjast afsökunar.

En í staðinn segir hún: „Getum við ekki látið eins og þetta hafi ekki gerst? Gerðu það? Að þú vitir ekkert hver ég er?“

En hann segir ekkert.

Hann horfir ekki á hana.

Hann gengur bara niður stigann.

Og hún veit að hún á aldrei aftur eftir að fá bréf frá Morranum.

Hún heyrir þau hin spyrja hann þegar hann kemur niður. Hvað hann hafi eiginlega verið að spá. Að tala við hana.

En hann segir ekkert við þau heldur.

Katla hringar sig niður á einni dýnunni og tárin leka ofan í gamlan svampinn meðan hún hlustar á veðrið ólmast fyrir utan.

Nú er hún ekki lengur stelpan sem á bara einn vin. Nú er hún stelpan sem á engan vin.

ÚT Í ÓVISSUNA

„Ég held að þetta sé botnlanginn,“
muldrar mamma hennar Svönu Sólar
við Unnar. „Við verðum að fá hjálp. Það
verður einhver ganga til baka þangað til
GSM-samband fæst. Ef botnlanginn er
sprunginn ...“ Hún segir ekki meira.

Dóra liggur í keng á dýnu sem hefur verið
færð inn í eldhús.

Þau hvíslast áfram á.

„Allt í lagi, allt í lagi.“ Unnar tekur um
höfuðið. „Ég ... Ég tek þá þorra með mér.
Hann er vanur útivistarmaður. Hann getur
bjargað sér með mér. Ef við förum aðra
leið en í gær, yfir hálsinn, þá ætti þetta
ekki að vera svo langt.“

„Ertu brjáláður? Þú getur ekkert tekið
hann með. Það hlýtur að vera lögbrot að
fara út í svona aðstæður nema með leyfi
forráðamanns!“

„Hvað viltu að ég geri? Unnar hvessir sig.
„Það er algjört grundvallaratriði að fara ekki einn út í svona veður. Og svo er ég með leyfi forráðamanns. Eða þannig.
Öh, stjúpmóðir hans treystir mér algjörlega fyrir honum.“

Katla gapir. Stjúpmóðir? Er hann að tala um glænýja kærustu pabba hans?

Þorri er kominn inn í eldhúsið til þeirra og hefur heyrt síðustu orðaskiptin. Hann er hörkulegur á svipinn og horfir ekki á Kötlu.

„Já, ég kem með, ekki spurning,“ segir hann hiklaust og Kötlu langar að sparka í hann.

Þeir eru að klára að klæða sig þegar hún finnur loksins hugrekkið. Dregur sig af stað og grípur í úlpuna hans Þorra.

„Ekki fara, Þorri. Unnar er bara að taka þig með af því að hann heldur að þú sért vanur útivistargaur! Þú ert það ekkert.“

Hann hristir hana af sér.

„Það er enginn annar,“ segir hann í gegnum samanbitnar tennur. „Ég kann kannski ekki neitt en það kann það enginn annar heldur.“

„Þú ert brjálaður,“ hvæsir hún.

En hann er líka reiður.

„Vilt þú kannski skera Dóru upp með vasahníf, meðan við bíðum eftir hjálp? Og hættu svo að tala við mig. Við erum ekki vinir.“

Það er eins og hún hafi verið kýld í magann.

Þau eru ekki vinir. Það er alveg satt.

Henni kemur þetta ekki við.

Hún fer aftur út í hornið sitt við gluggann þar sem hún heyrir í rokinu.

Og svo tekur hún ákvörðun.

Hún sækir úlpuna, lambhúshettuna, vettlingana og fer að klæða sig. Án þess að nokkur taki eftir. Hún leyfir Þorra bara

að fara með Unnari, án þess að skipta sér af því.

Það er enginn að horfa þegar hún rífur upp hurðina augnabliki síðar, hrópar: „Ég er líka farin,“ og skellir á eftir sér.

Hún veit að þau eiga ekki eftir að elta hana út. Hún er með forskot.

Hún hleypur eins hratt og hún getur eftir fótsporunum sem eru óðum að hverfa.

Um stund er hún alein í óveðrinu. En svo sér hún skærgræna bakpokann hans Þorra. Rétt á undan sér.

Og hún eltir. Reynir ekki að ná þeim strax, vill ekki að þeir geti sent hana til baka.

Þegar skálinn er alveg horfinn í sortann hleypur hún þá loksins uppi.

„Það er betra að vera þrjú en bara tveir,“ öskrar hún upp í vindinn og þeir snúa báðir við.

„Andskotinn,“ segir Unnar. „Hvaða della er nú þetta?“



Þorri er öskuillur á svipinn.
En það er of vont veður til að rífast.

Svo þau halda áfram. Þegjandi, í einfaldri
röð eftir hálsinum og Kötlu finnst hún vera
algjör fáviti. Hvað er hún að gera hérna?
Hvað ætli hún geti svo sem hjálpað þeim?
Hún er bara fyrir. Eins og alltaf.

Skyndilega fer jörðin sjálf á hreyfingu.

Mölin skriður undan fótum þeirra og þau
ráða ekki við neitt.

Katla veit ekki hvað er upp og hvað er niður en hún sér bakpokann hans Þorra og hún grípur í hann. Þau öskra bæði og Katla öskrar enn hærra þegar hún sér klettabrún nálgast.

Unnar flýgur fyrstur fram af og úr sjónmáli.

Katla heldur að þau Þorri séu á sömu leið en áður en þau hendast fram af gleypir jörðin þau.

Svo verður allt svart.



SPRUNGAN

Unnar var svo lifandi rétt áðan. Bölvandi, klæddur í ótrúlega hallærislegar rauðar legghlífar og alveg sprellifandi. Og nú er hann dáinn. Eða kannski er hann að deyja einmitt núna. Kannski er hann stórslasaður að frjósa í hel. Smám saman hægist á hjartslættinum þangað til hjartað hreyfist ekki meir. Aldrei meir.

Katla vill fá mömmu sína.

Hana langar næstum að fara að gráta en gerir það ekki. Ekki svo hann heyri. Svo hún bítur bara á vörina. Fast. Hún finnur blóðbragð.

Kannski fær hún sýkingu í sárið. Og deyr. Úr sóttthita.

Ætli hann myndi horfa á hana þá? Ætli hann gæti fengið það af sér?

Eða myndi hún deyja horfandi á bakið á honum?

Sennilega myndi þorstinn drepa hana fyrr en sóttitinn.

Hana langar eiginlega að deyja. Að hverfa bara, að þurfa ekki að vera hún lengur. Að þurfa ekki að vera stelpa sem á alls engan vin, frekar en stelpa sem á að minnsta kosti einn.

En hún deyr ekki strax.

Fyrst þarf hún að vera hér í þögninni.

Með honum.

„Þorri?“

Ekkert svar.

„Þorri. Fyrirgefðu.“

Orðið er svo lítið. Allt of lítið fyrir allt það sem hana langar að segja. Það nær ekkert að lýsa því hvað henni þykir þetta leitt, hvað hún vildi óska að þetta væri öðruvísi. Að hún væri öðruvísi. Að hún væri Denni. Að hún væri strákur sem ætti vini og kafaði í sjónum og þyrði hverju sem væri.

Þorri þegir.

En ef hún hefði bara verið hún sjálf þá hefði hann aldrei viljað tala við hana.

Hún minnir sig á það. Á hún að skammast sín fyrir að hafa sagt það sem hann vildi heyra?

Og hún verður reið við hann. Reið fyrir að hann hafi viljað heyra um Denna. Það var eiginlega Þorri sem bjó Denna til. Ekki hún. Hún var bara að reyna að gera rétt, segja það sem var rétt, vera sá sem allir vildu að hún væri.

Ef hún hefði verið hún sjálf þá hefði Þorri látið duga að senda henni tvö bréf í leynivínaveikunni, eins og kennarinn sagði að væri lágmark. Aldrei meira.

Þetta er svo ósanngjarn. Hún gerir ekkert rétt! Ekki þegar hún segir satt og ekki þegar hún lýgur.

Svo dirfist hann að hata hana!

Og nú þarf hún að deyja með honum.

Ofan á allt annað.

Ætli fornleifafræðingarnir geti giskað á hvað hafi komið fyrir? Þegar þau finnast eftir hundrað ár. Eða fimm hundruð. Tvær beinagrindur af einstaklingum á milli 15 og 20 ára. Kannski halda þeir að þau hafi verið einhver skrýtin mannfórn. Kannski einvígi.

Að minnsta kosti verður ekkert eftir af augabrúnunum. Það má hugga sig við það.

Svo segir hann innan úr myrkrinu.

„Ég fer alltaf að hugsa um það hvernig ég myndi segja Denna frá þessu öllu. Í bréfi. Því ég tala um allt við hann. Sérstaklega eitthvað mikilvægt. En svo man ég að hann er ekki til.“

Og reiðin hverfur.

„Þorri?“

Hann þegir.

„Þorri, fyrirgefðu.“

„Hvað?“

„Ha?“

„Hvað á ég að fyrirgefa? Að þú skyldir æða á eftir okkur eins og fífl? Eða að þú laugst allan þennan tíma?“

„Bara ... Bara allt.“

En Katla er samt ekki viss um að hún sjái eftir því öllu.



„Þú ert eini vinur minn,“ segir hún inn í myrkrið.

„Ég er ekkert vinur þinn. Ég var vinur hans,“ segir Þorri.

Hún þegir.

„Svo er það ekkert satt,“ segir hann. „Þú átt fullt af vinum. Þú þarft ekkert að láta eins og við séum einhverjir sálufélagar.“

Þau þegja áfram í myrkrinu. Katla er byrjuð að skjálfa.

„Þú varst eini vinur minn,“ segir hún svo.

„Hvað með þær, þarna, stelpurnar. Addú og Guðnýju og þær. Þið eruð alltaf saman.“

Katla horfir inn í myrkrið þar sem hún sér móta fyrir honum. Veit að hann getur ekki séð hvernig hún gapir af undrun.

„Við vorum alltaf saman,“ segir hún. „En ekki lengur. Ekki eftir að ég veiktist.“

Hefur hann í alvöru ekki tekið eftir því hvernig allir hlæja að henni?

„Kjaftæði. Það fannst öllum það ótrúlega merkilegt þegar þú varst veik. Þær voru alltaf að tala um það, stelpurnar. Skipuleggja heimsóknir á spítalann og svona.“

„Og var það þess vegna sem þú varst svona spenntur að segja öllum frá því að þú værir flogaveikur? Af því þú sást hvað það er æðislegt að vera lasinn?“

„Það er öðruvísi. Það er... Krabbamein er eins og eitthvað úr bíómynd. Rosalega ... *mikið* eitthvað. Og sorglegt. Flogaveiki fær mann bara til að slefa. Kannski pissa í sig.“

Hann þegir í smá stund.

„Vá. Ég hlýt að vera búinn að sætta mig við dauðann. Annars væri ég ekki að tala um það upphátt að pissa í mig.“ Og hann hlær, frekar taugaveiklað.

„Ef við erum að deyja ...“,“ segir Katla.

„Takk. Takk fyrir að vera vinur minn. Eða sko, vinur Denna.“

„Takk, líka,“ segir hann þegar hún heldur að hann sé sofnaður eða dáinn eða eitthvað. „Ég sagði engum af vinum mínum af þessu með mömmu og pabba. Og nýju kærustuna. Bara Denna.“

„Þorri?“

„Já?“

„Það er myrkur. Við getum kannski bara fyrst við erum hérna saman, bara tvö. Þá gætum við kannski ...“

„Ertu vitlaus!“

Hún blóðroðnar.

„Nei, ekki þannig! Ég meina bara. Ég meina að við getum kannski prófað að þykjast. Að ég sé Denni. Að Denni og Morrinn hafi lent í þessu klúðri og séu hérna saman. Og þá er þetta kannski aðeins skárra.“

„Ókei,“ hvíslar Þorri í myrkrinu. Með röddu sem hinir krakkarnir í bekknum myndu örugglega ekki þekkja. Og Katla færir sig til hans og þau sitja hlið við hlið í myrkrinu og axlirnar á þeim snertast. Eins og þau séu tveir gamlir vinir.



„Þú hefur gert þetta áður,“ segir hann svo.

„Hvað?“ Hún heldur að hann ætli að saka hana um eitthvað ljótt. Að hafa áður logið að fólki eða eitthvað.

„Bara. Þetta. Sætta þig við að ... að deyja.“

Þögnin í myrkrinu er stór.

„Ég sætti mig aldrei við það,“ segir hún.

„Heldurðu að það sé þess vegna sem þú dóst ekki? Eða sættir þú þig ekki við það af því að líkaminn vissi einhvern veginn að þetta myndi ekki drepa hann? Heldurðu að bara þeir sem deyja örugglega sætti sig við dauðann?“

Hún ætlar ekki að hlæja. Gerir það samt.

„Frumurnar í líkamanum vissu auðvitað ekkert að það væri eitthvað til sem héti geislameðferð. Ef líkaminn veit eitthvað ... þá hefði hann átt að vita það.

Að sjúkdómurinn var að drepa mig.

Af hverju spyrðu?“

„Af því að ... Af því að mér finnst eins og

við eigum eftir að deyja. Núna,“ segir hann. „Næstum eins og ég sé búinn að sætta mig við það. Og ég er að pæla hvort að ég sé búinn að sætta mig við það af því að við eigum eftir að gera það, skilurðu?“

„Ég skrifaði þér um strák,“ segir hún.

„Kolbein, manstu eftir honum?“

„Já,“ segir hann. „Var hann ekki bara lygi líka?“

„Nei. Hann var meira að segja frá Kópaskeri.“ Hún fékk hugmyndina um að segjast vera flutt á Kópasker frá Kolbeini.

„Og ég kynntist honum á spítalanum.“

„Hann dó,“ segir Þorri lágt.

„Hann dó,“ samsinnir hún. „Og hann sætti sig aldrei, aldrei, aldrei við það.“

Þau þegja saman í myrkrinu.

„Heldurðu að það sé betra eða verra,“ spyr Þorri svo. „Að sætta sig ekki við það óumflýjanlega? Að finna sátt og hvíld, eða að halda í bjartsýnina?“

Katla hugsar sig um. Hún hefur oft hugsað um þetta. Hvort hún hefði kannski bara getað dáið. Með rétta – eða sko, ranga – hugarfarinu.

„Það er auðvitað alltaf betra að deyja ekki,“ segir hún. Og ef maður trúir því ekki að það sé von, þá hættir maður að berjast. Og þá hlýtur maður örugglega að deyja.“

En um leið og hún segir það er hún ekki viss um að hún trúi því.

Er ekki viss hvort það hefði verið betra að deyja þá. Fá stóra jarðarför þar sem allar stelpurnar í skólanum hefðu hágrátið.

Kannski fær hún það núna.

En hún getur ekki hugsað um það.

Getur ekki hugsað um Kötlu-lagað tóm í alheiminum. Ekki í alvöru.

Þorri þegir. Segir svo það sem þau hafa bæði verið að hugsa.

„Heldur þú að Unnar sé dáinn?“

„Ég veit ekki hvernig hann gæti verið á lífi. Þetta var svo hátt fall,“ svarar hún.

„Ég hef aldrei þekkt neinn sem hefur dáíð,“ segir Þorri. „Unnar var fínn kall,“ segir hann svo. Svólítill kökkur í röddinni. „Ég ætlaði ekkert að lenda í þessum útivistarklúbbsi og talaði ekkert fallega um hann alltaf en hann var fínn kall.“

Það er þátíðin sem fer alveg með hana. Að Unnar sé ekki lengur til. Var til rétt áðan. Að kannski verði þau líka bráðum í þátíð.

„Þorri,“ segir Katla. „Við verðum að komast héðan. Við verðum.“ Augun eru farin að venjast myrkrinu í hellinum svólítið en hún dregur upp símann sinn og notar hann til að skoða aðstæður.

Sprungan er grýtt og það er langt í opið fyrir ofan þau. Gólfíð er þakið smásteinum sem hafa fallið með þeim úr skriðunni.

„Við drepum okkur ef við reynum,“ segir Þorri.

„Heldurðu að það sé verra að hálsbrotna við að reyna að sleppa héðan en að deyja úr hungri?“

Denni hefur hoppað út úr flugvél. Denni hefur kafað niður að miðju jarðar, eða næstum því. Denni hefur riðið ótemju og Denni hefur keyrt í kappaksturshring. Denni getur þetta.

Katla þolir ekki að láta Þorra hugsa um sig eins og hún sé Krabbameins-Katla. Hún þolir ekki að hann hugsi um sig eins og hún sé ógeðsleg, svitalykt af henni, eins og hún sé aumingi sem geti ekki verið með í neinu.

Hún vill að hann hugsi um sig eins og hann myndi hugsa um Denna.

Og hún er Denni. Hún getur að minnsta kosti orðið Denni.

„Komdu. Við ætlum upp. Ég er svo lítil, ég stend á öxlunum á þér til að komast upp á sylluna þarna. Þaðan get ég örugglega klifrað. Ég er frekar liðug. Svo toga ég þig upp.“

„Ertu með reipi?“

„Nei, en þú ert með það, manstu? Varst þú ekki orðinn rosa áhugasamur um klifurlínur?“

„Jú, ég tók eitthvert reipi úr bílskúrnum en ég kann ekki ... kann ekkert að binda það.“

Þau horfa hvort á annað

„Ég er góð að binda vinabönd,“ segir hún eftir langt hik. „Það verður að duga.“

Á NÆSTA LEITI

Slyddan er orðin að ískaldri rigningu þegar hún kemur upp úr sprungunni. Það er ekkert sem hún getur bundið reipið við, ekkert sem hún getur stutt sig við. Rokið er svakalegt og hún hefur hvergi skjól.

„Þorri? Ég bind reipið um mig. Það er eina leiðin.“



Hann hrópar eitthvað á móti en hún heyrir ekki hvað hann segir.

Hún bindur reipið um mittið á sér, eins góðan hnút og hún getur.

Hann er samt ekki neitt mjög góður.

Hún vildi óska að hún hefði horft á öll myndböndin sem Þorri er búinn að liggja yfir. Um fjallaklifur og svoleiðis.

Ef hún dregst niður þegar Þorri byrjar að klifra, þá gæti hún dáið.

Hann líka, ef hún myndi renna niður þegar hann væri kominn hálfu leið upp.

Sprungan sem þau hurfu ofan í er lítil. Hún ætti ekki að þurfa að detta niður hana. Hún leggst bara alveg flöt, spyrnir í barma sprungunnar og heldur sér eins fast og hún getur.

Hún ætti ekki að þurfa að detta niður.

Denni myndi aldrei drepast þannig að hann dytti ofan í einhverja holu. Hún huggar sig við það. Það væri verulega hallærislegur dauðdagi.

Hún öskrar niður í sprunguna að hún láti reipið síga, hann megi byrja að klifra þegar hann sé búinn að telja upp að tíu.

Meðan hann telur kemur hún sér fyrir. Hún hefur reipislykkjuna þannig að þyngdin leggist á bakpokann en ekki beint á hana. Og kreistir aftur augun og vonar að hún hafi nógu góða viðspyrnu til að vera akkeri fyrir Þorra. Vonar að vöðvarnir sem hún þjálfaði í mörg ár muni hvernig þeir voru áður en veikindin tóku völdin. Vonar að þeir bregðist henni ekki núna.

Það kemur henni samt á óvart hvað það er sárt þegar hann byrjar að klífra. Þunginn leggst allur á hliðina á henni, á lítinn blett sem bakpokinn hylur ekki. Hún spyrnir fast í sprungubarminn og rígheldur sér. Stríð við þyngdaraflið upp á líf og dauða.

Hann er eilífð á leiðinni. Hún skilur það alveg. Það er erfitt að klífra beint upp í loftið, eins og eftir kaðlinum í leikfimi, þegar maður er í úlpu og gönguskóm. En það er samt sárt þegar reipið ætlar að skera hana í sundur.

Svo kemur hönd upp um hellismunnann og það slaknar á reipinu þegar hann vegur sig upp á brúnina. Hún drífur sig til hans og hjálpar honum upp.

Þau sitja í rigningunni og rokinu og taka andköf. En veðrið er of vont til að staldra lengi við, þau verða að halda áfram.

„Veistu hvar við erum?“ öskrar hún.

„Það var þarna,“ segir hann. „Þarna sem við runnum.“ Og hann bendir. „Unnar ... Unnar fór þarna.“

Hún stendur upp og fikrar sig í átt að brúninni þar sem Unnar hvarf. Gægist yfir hana. Það er langt niður.

En ömurleg, hræðileg leið til að deyja.

Hana sviður í augun af rokinu og hún klemmir aftur augun.

En svo sér hún það. Rauðan blett í gráu landslaginu.

Legghlíf.



„Porri! Porri ég sé fót! Ég sé í Unnar!“

Hann kemur á eftir henni og gægist yfir brúnina.

Unnar hefur ekki fallið jafnlangt og þau héldu. Ekki alla leið. Hann virðist liggja nokkra metra fyrir neðan þau. Hann gæti meira að segja verið lifandi.

„Við verðum að fara niður!“ öskrar hún upp í rokið.

„Nei, það þarf björgunarsveit í þetta!“ hrópar hann á móti. „Við verðum að fara og hringja. Fyrst við komumst upp úr, þá verðum við að fara og hringja. Ef

við slösum okkur núna kemur enginn að sækja okkur og enginn í skálann. Hugsaðu um Dóru. Þau treysta að við náum í hjálp fyrir hana.“

„Við verðum!“

„Hvað ef hann er hryggbrotinn? Við megum ekki færa hann.“ Þorri er greinilega hræddur.

„Ef hann er hryggbrotinn getur hann örugglega ekki beðið! Hann vill frekar vera lifandi og lamaður en dauður og hlaupandi,“ öskrar hún á móti. „Hann á fjölskyldu, Þorri“ hrópar hún upp í vindinn. „Kannski ekki konu. Kannski ekki börn. Kannski bara eina gamla ömmusystur. En það er fólk sem myndi skipuleggja jarðarförina hans. Ef hann myndi deyja. Það er örugglega fólk sem myndi gráta. Viltu lifa með því að hafa skilið hann eftir?“

Og andlitið á honum krumpast allt og Katla veit að nú er hann að hugsa eitthvað sem hann myndi engum segja nema Denna. Eitthvað sem maður getur ekki sagt upphátt. Og svo kinkar hann kolli.



Reipið er um mittið á henni þegar hún fikrar sig niður þverhnípið.

„Unnar! Heyrir þú í mér,“ öskrar hún eins og hún getur. „Unnar, þetta eru Katla og Þorri!“

Í þessu brjálaða veðri hugsar hún eins og fífl að hún hafi aldrei áður sagt þetta. Katla og Þorri. Ekki upphátt. Skrifað „Denni og Þorri.“ Stundum. En aldrei sagt það.

En eiginlega eru þau Denni og Þorri núna, miklu frekar en Katla og Þorri. Því Kötlu finnst hún núna vera eins og manneskja sem hana langar til að vera. Þó að allt sé hræðilegt, þá er hún ekki sjúklingur,

heldur næstum því hetja. Hetja sem er að bjarga mannlífum.

Eða að minnsta kosti reyna það. Því Unnar svarar engu.

„Unnar!“

Hún er viss um að hann sé dáinn. Og hún hangir þarna í þessu brjálaða veðri, næstum því á hvolfi, bundin í mjótt reipi í seilingarfjarlægð við lík.

„Unnar!“

Fóturinn kippist til.



Þau ná honum upp. Katla er öll blóðug í framan, sveitt undir jakkanum og með storknuð tár á kinnunum en þau ná honum upp. Hann er svolítið vankaður, ekki mikið slasaður. En orðinn ískaldur.

Áreynslutárin hennar eru ekkert miðað við gleðitárin hans.

„Ég hefði aldrei trúað því,“ muldrar hann meðan þau styðja hann áleiðis. „Aldrei trúað því að nemendur myndu gera þetta. Aldrei, öll þessi ár. Og þú, sem ert meira að segja með vottorð!“

Og Katla vorkennir honum að hann hafi alltaf unnið með fólki sem hann hélt að myndi bara láta hann drepast.



Unnar er ruglaður af kælingunni og sennilega beinbrotinn. En hann getur samt lesið á áttavitann og bent þeim í áttina að hólnum þar sem samband næst í símann. Það er nálægt. Fáránlega nálægt. Þau voru næstum dáið bara nokkrum tugum metra frá siðmenningunni.

Neyðarlínan segir þeim að bíða kyrr, að reyna ekki að koma Unnari aftur í sæluhúsið heldur draga yfir sig neyðartjaldið.

Svo sitja þau þétt saman í öskrandi vindinum og þegja.

HEIM Á NÝ

Þyrlan er farin með Dóru og Unnar. Björgunarsveitirnar búna að ferja þau niður á láglandið þar sem rútan bíður.

Þorri og Katla hafa ekki sagt margt hvort við annað síðan fólkíð í rauðu úlpunum kom loksins.

En það er allt í lagi, finnst henni. Hún veit að þegar þau verða komin heim mun koma bréf frá Morranum.

Hann situr með öllum vinum sínum. Allir vilja vera nálægt honum, jafnvel meira en vant er. Hetjunní sjálfri. Hann lítur upp og brosir til Kötlu þegar hún kemur inn í rútna. Hreyfir sig samt ekki frá vinum sínum, greinilega þakklátur að vera kominn í kunnuglegar aðstæður.

Hún brosir til baka og fær sér sæti.

„Heyrðu, Katla?“ Guðný Þóra stendur fyrir aftan hana. „Þetta var rosalega flott hjá þér.“ Hún er vandræðaleg á svipinn.

„Viltu kannski setjast hérna? Hjá okkur?“

Það fyrsta sem Kötlu dettur í hug er að segja nei.

Ef þær vildu ekki þekkja hana í gær þá ætlaði hún ekki að sitja hjá þeim núna. Það er ekki hægt að fyrirgefa.

En svo hugsar hún um graphýsið þeirra Þorra. Hvað þau gætu auðveldlega setið þar ennþá. Hvað þrjár manneskjur voru nálægt því að deyja. Fjórar, ef Dóra dönskukennari er talin með.

En hún ákvað að lifa.

Og hún vill ekki lengur vera áhorfandi að lífinu.

Hún ætlar að taka öllum tilboðum sem henni berast. Fagna hverri áskorun.



Og þess vegna brosir hún til Guðnýjar Þóru, stelpu sem hún hefur þekkt næstum alla ævi og veit að er alveg ágæt. Þrátt fyrir allt.

Og segir: „Vilt þú ekki bara koma hingað til mín?“

Kæri Denni.

Ákvað að reyna að vera góður sonur í dag.
Hressa mömmu aðeins við. Bauð henni í nudd.
(Las á netinu að það væri algjörlega málið
fyrir þreyttar konur.) Albönsk nuddstofa.
Beið fyrir utan en nuddið átti að taka
klukkutíma.

Hún kom æðandi út aftur eftir korter,
eldrauð í framan, í bolnum sínum úthverfum
og neitar að tala um það sem gerðist ...

Ég held að mér hafi að minnsta kosti tekist
að leiða huga hennar frá öðrum vandamálum,
sem hlýtur að vera gott, ekki satt?

Morrinn

Kæri Morri.

Er á leiðinni að kafa í Silfru en nota tímann á leiðinni til að skrifa þér. Öh, held að þú fáiir örugglega stig fyrir að hafa meint vel. Er það ekki eitthvað?

Enn betri hugmynd: Væri ekki upplagt að senda nýju kærustu pabba þíns gjafabréf á þessa nuddstofu í hans nafni?

Denni.

Denni. Ég kann stundum svo vel að meta það hvernig þú hugsar.

Morri.

Katla er í unglingadeild og á ekki marga vini. Hún fer ásamt nokkrum úr bekknum í ferðalag sem tekur óvænta stefnu. Spennandi saga eftir Arndísi Þórarinsdóttur. Freydís Kristjánsdóttir myndskreytti.

m MENNTAMÁLASTOFNUN
40031

